

*Esterarbók Gamla testamentisins:  
Þýðing og fræðilegar forsendur  
eftir Jón Rúnar Gunnarsson,  
Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2017, 190 bls.*

Það var gæfuspor þegar Jón R. Gunnarsson (1940–2013) var ráðinn til að koma að þýðingu Gamla testamentisins vegna nýju biblíuþýðingarinnar sem ráðist hafði verið í til að minnst kristnitökuafmælisins árið 2000. Jón var sannarlega einhver mesti tungumálamaður okkar Íslendinga á síðari árum. Hann var hins vegar hvorki biblíu- né guðfræðingur. Kom því mörgum á óvart þegar Jón Sveinbjörnsson, prófessor í nýjatestamentisfræðum, lagði til að Jón yrði fenginn til að leggja þýðendum Gamla testamentisins lið.

Á það var fallist og reyndist ráðning Jóns hið mesta heillaráð enda ljóst að maðurinn var fljótur að setja sig inn í ný verkefni og hafði mikla reynslu af því að þýða af einu tungumáli yfir á annað. Jón sýndi frá byrjun afar vönduð vinnubrögð og lagði mikið á sig. Til lausnar á vandasömum og torráðnum ritningarstöðum leitaði hann fanga í ýmsum tungumálum skyldum hebreskum og sótti jafnvel í tungumál sem voru ekki svo skyld hebresku, tungumál sem þýðingarnefndarmenn kunnu í sumum tilfellum lítil skil á. Hann leitaðist líka við að hafa jafnan við höndina bestu hjálpargögn sem völ var á og fjölmargar nýjar erlendar þýðingar. Það átti vissulega við um aðra þýðendur einnig.

Sjálfur hafði ég heyrt talsvert af Jóni áður en ég kynntist honum persónulega. Sögur voru sagðar af því hvernig hann á landamærum í Austur-Evrópu gat túlkað orð landamæravarða beggja vegna mæra þar sem hann kunni að sjálfsgöðu bæði tungumálin. Þá var hann eitt sinn fenginn til að leggja sjónvarpsmönnum hér heima lið í söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva því að enginn kunni eins mörg tungumál og hann. Sjónvarpsmenn voru nefnilega í vanda þar eð spóla hafði borist til landsins tæpum sólarhring fyrir ráðgerða útsendingu þar sem hver þjóð kynnti framlag sitt á eigin tungu.

Einnig var það haft eftir Jóni að hann teldi að vel mætti læra nýtt tungumál á þremur vikum ef maður bara legði sig fram. Að sjálfsgöðu setti Jón markið alltaf hærra en að geta bjargað sér á tungumáli. Hann vildi jafnan læra það eins vel og nokkur kostur var.

Þegar Margrét Jónsdóttir, ekkja Jóns, tók þá ákvörðun að gefa út Esterarþýðingu Jóns í minningu hans, ásamt greinargerð, fannst hvorki í tölvu hans þýðingin, greinargerðin né nokkuð annað sem leiddi til lokagerðar þýðingarinnar. Verkið var hins vegar til útprentað í fleiri en einu eintaki og reyndist auðsótt mál að fá eintak hjá Agnesi Sigurðardóttur, forseta Hins íslenska biblíufélags, til útgáfu. En vinnan varð að sjálfsgöðu miklu meiri og flóknari við útgáfuna en ella hefði verið því að í hinu útprentaða eintaki voru fjölmargar útlendar textagerðir, einnig á tungumálum sem fáir Íslendingar kunna skil á og ljóslestur handrits réð ekki við. Það var Bjarki Karlsson, málfræðingur, bókahönnuður og skáld, sem kom handritinu í endanlegt form. Eiga hann og Margrét bæði mikið hrós skilið fyrir vandaða vinnu að þessari ánægjulegu og lofsverðu útgáfu.

Árið 1992 skilaði Jón af sér þýðingu Esterarbókar, eða þýðingatilraunum sínum, eins og hann kallaði þýðinguna. Verklagið var líka jafnan þannig að þýðendur skiluðu þýðingum með skýringum til þýðingarnefndar sem gerði ýmsar breytingatillögur á sínum mörgu og

ströngu fundum. Að því loknu hélt þýðingarnefndin fundi með þýðendum um breytinga-  
tillögurnar þar sem sameiginleg niðurstaða varð til. Gat það tekið býsna langan tíma.

Þýðingu sinni á Esterarbók fylgdi Jón úr hlaði með ítarlegri greinargerð til þýðingar-  
nefndarinnar og það er sú greinargerð, ásamt þýðingunni sjálfri, sem er uppistaðan í þessu  
læsilega og afar fróðlega verki.

Þar er m.a. að finna ýmsar „húsreglur“ sem Jón hefur miðað við í þýðingarvinnu sinni.  
Er lærdómsríkt að lesa þær og íhuga, því að sannarlega er það rétt sem hann segir „að  
hebresk stíldygð og íslensk eru töluvert ólíkir hlutir.“

Hér skulu stuttlega nefndar helstu viðmiðunarstikur Jóns sem hann gerir grein fyrir í mun  
ítarlegra máli:

- a) „Að beita sem flestum brögðum við eitt atriði sem reynir á við hvert fótímál, sem sé  
að losa textann við tengdar aukasetningar í upphafi málsgreina...“
- b) „Að forðast með tilækum ráðum allt of langar málsgreinar, romsur af tengdum  
setningum...“
- c) „Að forðast þá síendurtekningu á og milli setninga, eða þá jafnvel í upphafi málsgreina  
sem frumtextinn býður heim;“
- d) „Að forðast nástöðu og hvers kyns óþarfa endurtekningu. Hebreskar setningafræði-  
reglur kalla einatt á slíka hluti.“
- e) „Að sleppa hlutum sem engu auka við merkingu en standa í texta aðeins vegna  
hebreskra setningafræðilegra kvaða.“
- f) „Að fylgja ekki eftir ýmsum hebreskum orðatiltækjum orðrétt, ...“
- g) Undir þessum lið gerir Jón grein fyrir því hve fjarri því fari að það sé vandalaust að  
skila muninum á imperfectum/perfectum yfir á íslensku.

Við lestur á þessum leiðarhnoðum Jóns við verkið og ítarlegri lýsingu hans á því hvað  
hann hugsar með þeim kemur vel fram hve þaulhugsuð þýðing hans hefur verið. Sannarlega  
hefur þar verið unnið með hebreska textann af ítrustu nákvæmni en sjálfur segist Jón samt  
telja „að best sé þýtt með vandaðri endursögn“ (bls. 3).

Það eykur mjög á gildi þessarar bókar að Jón hefur ekki látið nægja að gera nefndinni  
grein fyrir þessum reglum sínum eða ítarlegum skýringum við ýmis álitamál í þýðingunni.  
Þannig hefur ritið að geyma kaflann „Rittengsl, bókmenntagerð og ytri skilyrðing textans“.  
Þar kemur fram að Esterarbók sé eitt einangraðasta rit Gamla testamentisins að því leyti að  
meginpersónur bókarinnar eigi sér hvergi vettvang í öðrum ritum helgiritasafnsins (kanóns-  
ins).

Í því sambandi ræðir Jón allítarlega kenningu sænska prófessorsins Gillis Gerlemans  
(1973) um tengsl stefja úr Esterarbók við Mósesögnina. Segir Jón réttilega að svo langt gangi  
Gerleman „í samanburði sínum að harla lítið verður finnanlegt af frumleika hjá Esterar-  
höfund“ (bls. 10). Jón telur kenninguna skipta máli fyrir þýðandann og hann verði að taka  
afstöðu til hennar vegna heildarmatsins á texta Esterarbókar. Svar hans er afdráttarlaust:  
„Mín afstaða er að taka ekki tillit til þessara hugmynda; gegn þeim standa allt of mörg atriði  
til að vert virðist að taka mið af þeim við útlagningu textans“ (bls. 13). Þessi umræða Jóns  
og niðurstaða þýðir að hann gengur í raun lengra heldur en búast hefði mátt við af utan-  
aðkomandi málvísindamanni. Hann stígur inn í fræðaheim Gamla testamentisins og ræðir  
þar ýmsar kenningar tengdar myndunarsögu viðkomandi rits og tekur afstöðu til þeirra.  
Einnig hefur ritið að geyma kaflann „Nokkur orð um stað og tíma Esterarbókar“.

Jón var enda sífellt að leita eftir fleiri fræðiritum. Ef einhver nefndarmanna átti leið til  
útlanda mátti búast við símtali frá Jóni með fyrirspurn um hvort viðkomandi gæti nokkuð

nálgast fyrir hann ákveðið rit á sviði gamlatestamentisfræða. Það var sannarlega gefandi að vinna með og í návist slíks lærdómsmanns.

Jón var hógvær maður með einstaka hæfileika, eins og Margrét, ekkja hans, segir réttilega í prýðilegum formála sínum. Hann gat þó, þrátt fyrir eðlislæga kurteisi og háttvísi, verið býsna fastur fyrir þegar kom að því óhjákvæmilega ferli að þýðingarnefndin tæki þýðingar-drög hans til skoðunar og gerði ýmsar breytingatillögur, eins og hjá öðrum þýðendum. Jafnan fór það þó svo að góð sátt náðist um sameiginlega niðurstöðu þýðanda og þýðingar-nefndar.

Það var vel til fundið að gefa út þýðingu Jóns á Esterarbók og alla þá miklu greinargerð sem hann lét fylgja þýðingunni. Sú greinargerð var meiri og ítarlegri en fylgdi öðrum þýðingum, hvort heldur var öðrum þýðingum hans sjálfs eða annarra. Verkið veitir því fróðlega innsýn í hversu vandasamt verk biblíuþýðing getur verið. Fyrst og síðast er bókin þó afar ánægjulegur minnisvarði um einstakan og merkan málvísindamann sem hrópaði ekki á torgum heldur vann mikilvæg og metnaðarfull fræðastörf sín í kyrrþey og af mikilli hógværð.